

menn", nákvæmlega einskorðuð og ákveðin með laga skýring eptir löggjafann sjálfan.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörði það, að dómsmálastjórninni þykir ekki vera ástæða til þess að hlutast til um, að orð þessi verði skýrð á þann hátt, sem þér hafið vikið á, og skal um þetta efni getið þess, sem fylgir hér á eptir. Það hefir ekki verið svo til ætlast, að tilskipun 26. maímán. 1863 gjörði neina breyting á ákvörðunum þeim, sem áður giltu um það, á hverjum skyldan til að fara í vist hvíli, eða að setja neinar nákvæmari reglur um, hverja menn beri að álíta lausamenn og hverja húsmenn. Það verður því nú eins og áður að skera úr þesskonar spurningum eptir hinum eldri lögum, einkum tilskipun 19. febrúarmán. 1783 og reglugjörð 8. janúarmán. 1834 VII 20. og 21. gr., og það væri þeim mun fremur ísjárvert að fara að skýra þessar gömlu ákvarðanir með lagaboði, sem það er mjög líklegt, að farið hafi verið eptir ólíkri venju í hverju umdæmi um sig, þegar skorið hefir verið úr spurningum þessum. Í þessu efni skal þess getið, að í frumvarpi því, sem Reykjavíkur-nefndin hafði samið til tilskipunar um vinnuhjú og um lausamenn og húsmenn, var eins og þér munuð muna, í kaflann um húsmenn tekin grein (2. grein), sem átti að gjöra greinarmun á lausamönnum og húsmönnum, að amtmaðurinn í vesturumdæminu féllst á hana, en apturámóti lögðuð þér á móti henni, herra amtmaður, í álitsskjali yðar um frumvarpið, dagsettu 10. ágústmán. 1860, og að það þókti réttast að sleppa þessari ákvörðun í frumvarpi stjórnarinnar, einmitt af því að amtmennirnir voru ekki samdóma um þetta atriði.

1865.

7. okt.

85. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um gjaldfrest á láni til Snæfellsnessýslu.

7. okt.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfum dagsettum 23. janúarmán. og 6. maímán. f. á. farið þess á leit, að íbúum Nes hrepps

1863.

7. okt.

utan Ennis í Snæfellsnessýslu verði veittur 15 ára frestur með að borga þær 50 tonn af rúgi, sem þær hafa fengið til láns af korni því, er keypt var fyrir fê hins íslenzka styrktarsjóðs og sent til Snæfellsnessýslu haustið 1860, og að ýmsum öðrum hreppum í þessari sýslu, einkum Nes hrepp innan Ennis, Breiðavíkurhrepp og Eyrarsveit, verði einnig veittur svo langur frestur, sem stjórnarráðið ákvæði, með borgun skuldar þeirrar, er þeir á þenna hátt eru komnir í við styrktarsjóðinn. Eptir að stjórnarráðið í bréfi dags. 20. júlímán. s. á. hafði kunngjört amtinu um þetta efni, að stjórnarráðið vegna þess, hvernig ástætt er, leyfði að ekkert væri borgað uppí skuldir þessar til loka ársins 1864, og að vèr vonuðumst eptir að fá í byrjun þessa árs ítarlegri skýrslur um ástandið, hefir amtið í bréfi dags. 28. janúarmán. þ. á. sent hingað skýrslu frá sýslumanninum í Snæfellsnessýslu um ástandið þar, og lagt það til, að hreppunum vegna hinnar miklu fátæktar þeirra verði enn þá veittur eins langur frestur með borgun skuldar þessarar, eins og vikið er á í bréfum amtsins 23. janúarmán. og 6. maímán. f. á., sem getið er um hér að framan.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að sveitir þessar frá 1. degi janúarmán. næsta árs eiga að borga $\frac{1}{7}$ hluta skuldar þeirrar, sem styrktarsjóðurinn nú á hjá þeim, og vexti að auki, eins og áskilið var í upphafi, og má ekki útaf því bregða. Með því ekki sést greinilega á reikningi þeim, sem hingað barst með bréfi amtsins 23. maímán. þ. á., hvar nú er komið með skuldina, eruð þér, herra amtmaður, beðnir auk þessa að senda hingað bæði nákvæman reikning fyrir öllu því korni, sem bágstaddar sveitir í Snæfellsnessýslu fengu á árunum 1861 og 1862, en það var alls 400 tonn — á reikningurinn að sýna ekki einasta, hversu mikið hver sveit á enn óborgað af skuld sinni, heldur líka, hversu mikið hver sveit hefir borgað bæði í vexti og uppí skuldina — og eptirrit af uppboðsgjörðabókinni um uppboð þau, er haldin voru í Stykkishólmi og Ólafsvík 5. og 19. maímán. 1863, þá er seldar

voru 78½ tonnur af rúgi sem eptir voru af korni því, sem bágstöddum sveitum í Snæfellsnessýslu var sent árið 1861.

1865.

7. okt.

86. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipamælingar m. m.

11. okt.

Þér hafið, herra amtmaður, með bréfi dags. 19. júnímán. þ. á., sent hingað eptirrit af bréfi frá sýslumanninum í Norður-múlasýslu; í því skýrir hann frá, að Th. W. Roys, hvalaveiðamaður, hafi komið í maímánudi s. á. til Seyðisfjarðar á gufubátum Visionary, en að barkskipið Reindeer frá Nýju-Jörvík og skonnorta frá Hollandi með kolafarm frá Englandi hafi verið komin þangað áður, og að hann hafi látið gufubátinn Visionary fá skýrteini-um, að hann megi fara á hvalaveiðar undir löndum Danakonungs. Sýslumaðurinn hefir þarðauki beiðzt þess, að sèr sè gefin reglugjörð og tilsögn, er hann eigi að fara eptir, þá er hann gefi út nýtt mælingarskýrteini handa gáfubát þess-um, með því að skýrteini það, sem báturinn hefir nú, er samið á ensku og gildir einungis þangað til hann kemur í danska höfn. Enn fremur hefir hann spurt um, hvort heimfæra eigi opið bréf 27. maímán. 1859 uppá gufubátinn, þar sem hann einasta sè hafður til að draga hvalaveiðabátinn og hvali þá, sem skotnir eru, og fari ekki lengra en inn á næstu firði og sè aldrei nema einn eða tvo daga burtu. Um leið og þér, herra amtmaður, hafið beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um þessi atriði, hafið þér loks getið þess, að átt hefði að yðar hyggju að kaupa íslenzkt leiðarbréf handa skonnortu þeirri, er að framan er um getið.

Dómsmálastjórnin hefir skrifazt á við aðalskattgjaldastjórnina um það, hvornig eigi að fara að, þá er gefið sè út nýtt mælingarskýrteini handa gufubát þessum, og hefir aðalskattgjaldastjórnin í þessu efni sagt svo, að þareð sjá megi, að eigandinn æskir þess, að skip þetta skuli áltast dönsk eign, og verða að-njótandi sömu réttinda og dönsk skip, eigi að láta það fá danskt mælingarskýrteini og brenna á það danskt mark, og að